

11. gr.

93

11. júní

Verð fyrir þann fisk, sem seldur verður umfram tilgreindar 12000 smálestir, hvort heldur að fiskurinn selst til fulltrúa Bandamanna eða frjáls sala fæst á honum til tiltekinna landa, verður að lokum lagt við verðið fyrir ofan nefndar 12000 smálestir þannig, að eitt jafnaðarverð fáiist, að kostnaði fráðregnum, fyrir hverja tegund fiskjarins út af fyrir sig.

Nánari reglur og leiðbeiningar um sölu og útflutning á fullverkuðum saltfiski verða auglýstar síðar.

Reykjavík, 11. júní 1918.

Thor Jensen, *Pjetur Jónsson.* *Ó. Benjamínsson.*
p. t. form.

Reglur

94

12. júní

um sölu og útflutning á lýsi.

(Tilkynning nr. 2 frá útflutningsnefndinni).

1. gr.

Öllum framleiðendum eða öðrum sem kunna að hafa eða eignast lýsi af þessa árs framleiðslu, er skylt að bjóða ensku stjórninni það til kaups svo fljótt sem auðið er og annast útflutningsnefndin framkvæmdir á því, samanber auglýsingu stjórnarráðsins, dags. 11. þ. m., og gilda þar að lútandi eftirfarandi reglur og leiðbeiningar.

2. gr.

Samkvæmt samningnum ber að afhenda lýsið á þessum höfnum:

Reykjavík,
Ísafirði,
Akureyri,

94
12. júní

Seyðisfirði og
Vestmannaeyjum.

En fulltrúi Bandamanna hefir fallist á við nefndina, að kaupa og veita móttöku lýsi einnig á þessum stöðum:

Hafnarfirði,
Siglufirði,
Norðfirði.

3. gr.

Útflutningsnefndin sinnir framboðum frá kaupmönnum, er hafa lýsisbræðslu eða kaupa lýsi fyrir eigin reikning til heildsölu innanlands eða til útflutnings; enn fremur frá útgerðarmönnum, er hafa talsverða framleiðslu, svo og frá fjelögum, er útflutningsnefndin viðurkennir. Sökum nauðsynlegra ráðstafana er mælt til, að allir kaupmenn, útgerðarmenn og fjelög, sem hafa lýsi með höndum komi með framboð sín svo fljótt sem unt er.

4. gr.

Lýsi skal flokka í tegundir og gæði eftir því sem hjer verður skýrt frá, og verður hver tegund og gæði með því verði, sem hjer fer á eftir:

A. Þorskalýsi.

Meðalalýsi, innri tunna úr blikki.

1. A.	Gufubrætt, hver tunna 105 kiló á	190 kr.
1. B.	— — — — —	140 —
2.	Hrátt — — — — —	140 —

B. Iðnaðarlýsi, í trjeilátum.

1.	Ljóst	100 kiló á	100 kr.
2.	Ljósbrúnt	— — —	85 —
2. A.	Ljóst súrlýsi	— — —	85 —
3.	Dökt	— — —	75 —

C. Sildarlýsi.

1.	Gult	100 kiló á	100 kr.
2.	Ljósbrúnt	— — —	85 —
3.	Dökt	— — —	75 —

D. Sellýsi.

1.	Ljóst	100 kiló á	100 kr.
2.	Dökt	— — —	75 —

E. Hákarlslýsi.

94

12. júní

1.	Ljóst, gufubrætt	100 kiló á	100 kr.
2.	Ljóst, pottbrætt	— — -	85 —
3.	Dökt	— — -	75 —

F. Pressulýsi.

Þykt 100 kiló á 28 kr.

5. gr.

Alt lýsi skal vera metið af hinum skipuðu eiðsvörnu matsmönnum, sem staðfesta að það sje óaðfinnanleg góð vara og tilheyri þeim flokki er þeir tilgreina, og ber þeim að taka nákvæmt sýnishorn af hverri tegund út af fyrir sig í hvert sinn.

6. gr.

Frá því að fulltrúi Bandamanna hefir samþykkt kaup á lýsinu, mega liða 30 dagar þangað til borgun fer fram eða 30 dagar frá því að vottorð matsmanna hefir borist fulltrúanum, en verði vörunni skípað út fyrir þann tíma, mun andvirðið verða greitt strax á eftir.

7. gr.

Skýlt er seljendum að flytja lýsið um borð, greiða tolla og önnur gjöld kaupanda að kostnaðarlausu, en á meðan lýsinu er eigi skipað út, hvílir vátryggingarskylda á seljendum, á ábyrgð landsstjórnar, en kaupandinn endurgreiði vátryggingargjaldið hlutfallslega fyrir þann tíma, sem fram yfir er 30 daga frá því kaup gerðust í hvert skifti. Sömuleiðis er það skylda seljanda, að geyma lýsið í sínum húsum meðan því er ekki skipað út, en seljendur fá borgaðan geymslukostnað, hlutfallslega fyrir þann tíma, sem fram yfir er 30 daga frá því að kaupin gerðust, og skal það reiknað eftir því sem venja er til, eða eftir samkomulagi. Kröfur um endurgreiðslu á slíkum gjöldum skulu sendar útflutningsnefndinni tafarlaust, þegar varan er komin um borð.

8. gr.

Alt meðalalýsi, hvort heldur er gufubrætt eða hrátt, skal vera í blikkunnunum með trjehylki utan yfir, eins og venja er til, en sjeu þær eigi til, má nota eikartunnur, gerðar úr steinolíutunnunum, enda sjeu þær áður grandgæfilega gufuhreinsaðar og þvegnar. Einnig má nota steinolíuföt, ef eins er farið með þau, en gæta verður þess vandlega að þessum reglum sje nákvæmlega fylgt, svo meðalalýsið engan veginn geti skemst vegna þess, að ílátin hafi ekki verið nógu

94 vandlega hreinsuð og undirbúin. Á meðalalýsi sem verður selt í eikartunnum 12. júní eða fötum, verður verðið 10 krónum lægra hver 105 kiló án umbúða.

9. gr.

Matið, sem fram fer hjer á landi gildir að eins til bráðabirgða. Fullnaðarmat fer fram þá er lýsið er komið til Bretlands af fulltrúa Bandamanna þar, en þangað til greiðir útflutningsnefudin alt að 50% af verði meðalalýsisins og alt að 75% af andvirði iðnaðarlýsisins.

10. gr.

Meðalalýsi fyrsta flokks skal vera framleitt úr *nýrri þorskalífur*. Í því má alls ekki vera neitt efni sem ekki getur orðið að sápu. Súrinna má ekki vera meira en 2½%. Það skal vera hvítleitt eins og viðurkennt sýnishorn nr. A. I. A.

Annars flokks meðalalýsi, þar með talið hrátt meðalalýsi, má framleiða úr ýmiskonar fisklifur. Í því má helst ekki vera neitt efni sem ekki getur orðið að sápu, og sje umfram 1½% í því af efni sem ekki geta orðið að sápu, verður dregið frá verðinu hlutfallslega. Súrinna má ekki vera meiri en 9%. Litur þess sje samkvæmt viðurkendu sýnishorni.

Alt lýsi, sem talið er meðalalýsi, og ekki lýtur þessum skilyrðum, skal flokkað sem iðnaðarlýsi.

Frá andvirði alls annars lýsis en meðalalýsis, verður dregið hlutfallslega miðað við það, hve mikið sje í því af efnum umfram 1%, sem ekki geta orðið að sápu.

11. gr.

Það er ófrávikjanlega nauðsynlegt, að hver seljandi sjái um að hans lýsistunnur sjeu í hvert sinn merktar á báðum botnum þannig:

Merkja skal fyrst einkennisstafi seljanda, ekki færri en 2, og þar undir einn upphafsstaf er tákni lögheimili seljanda. Neðar á báðum botnum skal merkja einn staf (A—F) er tilheyri þeim flokki er lýsið greinist í af matsmönnum. Við hliðina á þeim bókstaf skal setja tölustaf, og bókstaf þar sem það á við, sem táknar gæðastig lýsisins, innan aðalflokksins eftir matinu.

Dæmi: Fyrsta flokks gufubætt meðalalýsi merkist A. I. A., en annars flokks gufubrætt meðalalýsi merkist A. I. B., en hrátt meðalalýsi merkist A. 2. Ljóst iðnaðarlýsi merkist B. I., en ljóst súrlýsi merkist B. 2. A. Ljóst gufubrætt hákarllýsi merkist E. I. og ljóst pottbrætt hákarllýsi merkist E. 2. Þykt pressulýsi merkist F. o. s. frv. Það er mjög áriðandi að liturinn, sem merkt er með, sje sem minst afmáanlegur, til þess að koma í veg fyrir, að nokkur seljandi geti mist viðbótarándvirðið vegna þess að merki hans þekkist ekki. Ef lýsið verður flutt út ógreinilega merkt, er það á ábyrgð seljanda og getur hann átt á hættu að jafnvel ekkert verði borgað út, ef slíkar athugasemdir koma á farmskrána.

12. gr.

94

12. júní

Komi það fyrir seinna meir, að fulltrúi Bandamanna afsali forkaupsrjetti sínum, má útflutningsnefndin flytja vörur út til viðtakanda í löndum Bandamanna, Bandaríkjanna í Norður-Ameríku, eða til viðurkendra viðtakenda í viðurkendum hlutlausum löndum að áleti Bandamanna. Um þessa vöru gilda þó sömu reglur og ákvæði, sem þegar eru tekin fram.

Fulltrúi Bandamanna hefir fallist á fyrst um sinn, að sinna öllum framboðum, sem kunna að koma á alskonar lýsi, samkvæmt þessum reglum.

Reykjavík, 12. júní 1918.

Thor Jensen, Pjetur Jónsson. O. Benjamínsson.
p. t. form.

Reglugjörð

95

13. júní

um sölu og úthlutun á brensluspíritus í Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 5, 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfrúðfríðnum eru hjer með sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Bannað er að selja brensluspíritus í Reykjavík nema gegn seðlum, útgefnum að tilhlutun bæjarstjórnar, sem annast allar frekari framkvæmdir reglugjörðar þessarar.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum alt að 1000 kr. og fer um mál út af brotum sem önnur lögreglumál.